

# Breyting á aðalskipulagi Frístundabyggð í landi Hamars

Sveitarstjórn Dalvíkurbyggðar leggur til að Aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar 2008-2020 verði breytt til samræmis við tillögu að deiliskipulagi frístundasvæðis í landi Hamars. Nú eru níu frístundahús á jörðinni auk gömlu bæjarhúsanna. Stefnt er að stækkun svæðisins og fjölgun frístundalóða.

Unnin hefur verið tillaga að deiliskipulagi svæðisins og er hún kynnt og auglýst samhliða aðalskipulagsbreytingu þessari.

## Helstu forsendur

Hamar er sunnan Ólafsfjarðarvegjar og vestan Skiðadalsvegjar. Þar er vinnusvæði hitaveitu Dalvíkurbyggðar, borholur og vatnsgeymar. Frístundabyggðin er í hlíð sem snýr mót norðri með mólendi og melum. Stofnlagirnir veitukerfa liggja um landið.

Stækkun frístundasvæðis mun ná inn á landbúnaðarland L-2. Landbúnaðarland L-2 er ætlað undir landbúnaðarmot og búvöruframleiðslu. Afmörkun L-2 í aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar er gróf og innan þeirra svæða eru spildur, sem ekki geta talist gott landbúnaðarland. Stækkun frístundasvæðisins á Hamri nær inn á óræktað gróð land milli túna, þ.e. svæði sem ekki hefur verið talin ástæða til að nýta til landbúnaðar þrátt fyrir nálægð við bæjarhús og önnur tün.

Í landi Hamars (og Hamarskots) eru skráðir 22 minjastaðir. Fimm þeirra eru fjarri skipulagssvæðinu, engin ummerki eru um níu staði en aðrir eru greinilegir. Á svæðinu er hluti hins forna garðakerfis Sveitarlangsjá. Garðakerfið er merkt inn á aðalskipulagsupprátt í samræmi við fyrirliggjandi fornleifaskráningu til þess að stuðla að kynningu þess og varðveislu.

Ekki hefur verið tekið tillit til formminja að öllu leyti í núverandi byggð. Í deiliskipulagi skal tekið mið af minjastöðum þannig að ný byggð raski þeim ekki.

## Breytingar á greinargerð

Engin breyting er gerð á meginþexta greinargerðar. Kafli 4.6 er breytt á eftirfarandi hátt.

## Kafli 4.11 Svæði fyrir frístundabyggð

### Gildandi skipulag:

Nr.	Stærð	Svæði	Lýsing	Skipulagsákvæði
646-F	21,7	Á Hamri.	Deiliskipulag, 9 hús. Svæðið er tvískipt.	Uppbygging skv. deiliskipulagi.

### Breytt skipulag:

Nr.	Stærð	Svæði	Lýsing	Skipulagsákvæði
646-F	43,7	Í landi Hamars	Frístundabyggð í landi Hamars. Byggt að hluta.	Uppbygging skv. deiliskipulagi. 40 lóðir fyrir frístundahús og ræktun. Fjórðungur lóða má vera undir 0,5 ha að flatarmáli, allt að 0,12 ha.

## Breyting á skipulagsupprætti

Svæði 646-F er sameinað í eitt svæði og stækkað. Svæði 613-L minnkar litlilega.


## Áhrifamat

Breyting þessi felur ekki í sér stefnu um leyfisveitingar til framkvæmda, sem tilgreindar eru í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og er hún því ekki háð lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætla. Stækkun frístundabyggðarinnar getur haft jákvæð áhrif á samfélagið m.a. með auknum viðskiptum.


Stækkun frístundabyggðarinnar skerðir ekki verðmætt landbúnaðarland þótt hluti stækkunarinnar nái inn á landbúnaðarland L-2.

Uppbygging frístundabyggðar í landi Hamars hefur ekki áhrif á náttúruverndarsvæði, sérstakar jarðmyndanir eða vistkerfi sem njóta eiga verndar.

Uppbygging og framkvæmdir eru í nálægð nokkurra minjastaða, þar á meðal hið forna garðakerfi. Sveitarlang. Settir skulu skilmálar í deiliskipulag um minjavernd og framkvæmdir nálægt skráðum minjastöðum.



Gildandi skipulag



Breytt skipulag

Mkv.: 1:50.000

- Mörk skipulagssvæðis
- LANDNOTKUN
  - Þéttbýli, þéttbýlismörk
  - Íbúðarsvæði
  - S Svæði fyrir þjónustustofnanir
  - M Svæði fyrir þjónustustofnanir
  - Y Verslunar- og þjónustusvæði
  - A Athafnasvæði
  - I Iðnaðarsvæði
  - II Hafnarsvæði
  - I.1 Landbúnaðarsvæði L1
  - I.2 Landbúnaðarsvæði L2
  - I.3 Landbúnaðarsvæði, sérákvæði
  - F Frístundabyggð
  - D Opín svæði til sérstakra nota
  - Ó Byggð svæði
  - Blönduð landnotkun
  - Efnistöðusvæði
  - Mörking landnotkunarrelta
  - Landfyllingar
  - TAKMÖRKUN Á LANDNOTKUN
    - H Hverfisverndarsvæði
    - N Náttúruverndarsvæði: Fólkvangur, friðland
    - S Svæði á Náttúruminjaskrá
    - V Vatnsverndarsvæði
    - Brunnsvæði
    - Grunnsvæði
    - Fjarsvæði
    - Formminjar
    - Formminjar, minjasvæði
    - Formminjar, Sveitarlangur
    - Lárétt hönnunarhröðun í jarðskjálftum
- SAMGÖNGUKERFI
  - Stofnbraut
  - ) Stofnbraut, jarðgöng
  - Tengivegur / tengibraut
  - Aðrir vegir / safnagata
  - Aðal göngu- og hjólastígar
  - Megin útvistarstígar
  - Reiðleið
  - STOFNLAGNIR VEITUKERFA
    - Rafveita, loftlína
    - Rafveita, flutningslína, heilgunarsvæði
    - Rafveita, jarðstrengur
    - Hiltaveita
    - Vatnsveita
    - Ljósleiðari
    - Fráveita, útrás

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið skv. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í sveitarstjórn Dalvíkurbyggðar þann 17.02.2015

*Bjarni Þorsteinsson*  
sveitarstjóri

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun þann 10/3/15

*Adalsteinn Halldórsson*  
*Judith J. Gunnarsdóttir*

**AÐALSKIPULAG DALVÍKURBYGGÐAR**  
**2008-2020**  
**SVEITARFÉLAGSUPPRÁTTUR**



Umhverfis- og tæknisvið  
Dalvíkurbyggðar

**BREYTING**  
Frístundabyggð í landi Hamars

Mælikvarði 1:50.000

14. október 2014

**TEIKNISTOFA**  
**ARKITEKTA**  
OYLI GUÐJÓNSSON  
OG FÉLAGAR ehf.  
BÍRFÉLAGIÐ (A)